


# **Rannsóknir á seiðastofnum í Húseyjarkvísl árið 2008**

**Eik Elfarsdóttir og Bjarni Jónsson**

**Sauðárkróki 2009**

**VMST/09044**



**Veidimálastofnun Sauðárkróki**

**Sæmundargata 1, 550 Sauðárkrókur. Sími: 580-6340, Bréfsími:580-6342  
Veffang: [www.veidimal.is](http://www.veidimal.is) Netfang: [nordurlandsdeild@veidimal.is](mailto:nordurlandsdeild@veidimal.is)**

## **Inngangur og aðferðir**

Rafveitt var í Húseyjarkvísl dagana 2. og 4. september 2008. Markmið rannsókna var að kanna seiðabúskap árinna en með rafveiðum má fá upplýsingar um þéttleika seiða, útbreiðslu og ástand þeirra. Samskonar rannsóknir hafa verið gerðar í Húseyjarkvísl á hverju hausti um langt árabíl og gefur það tækifæri á að fylgjast með breytingum frá ári til árs. Með slíkum langtímarannsóknum eykst vitneskja um lífríki árinna smám saman og þar með verður auðveldara að ákvarða á hvaða hátt skynsamlegast sé að umgangast hana og nýta.

Rafveitt var á fjórum hefðbundnum stöðum í ánni, þeim sömu og undanfarin ár. Stærð rafveiðistaða var á bilinu 150 - 288 m<sup>2</sup>, minni veiðisvæðin voru þar sem meira var af seiðum eða að aðstæður í ánni leyfðu ekki stærra svæði. Veidd var ein umferð á hverjum stað. Rafveiðistaðir eru valdir með það að markmiði að fá sem gleggsta mynd af seiðabúskap vatnasvæðisins. Því er veitt sem víðast á vatnasvæðinu og valdir staðir, eins og kostur er, sem eru einkennandi fyrir hvern árkafli. Einnig var veitt við fimm manngerða grjótgærða, en þar voru veiðisvæðin 13 - 28 m<sup>2</sup> að stærð og er gerð grein fyrir niðurstöðum þeirrar rannsóknar í sérstökum kafla.

Öll seiði sem veiddust voru lengdarmæld og vigtuð áður en þeim var sleppt í ána aftur. Þéttleiki seiða er reiknaður út frá fjölda þeirra í hverjum árgangi á hverjum veiðistað og stærð veiðisvæðisins. Þar sem aðeins er veidd ein yfirferð og ekki veiðast öll seiði á svæðinu gefur þetta aðeins vísitölu seiðarþéttleika en ekki heildarþéttleika:  $\text{þéttleiki} = (\text{fjöldi seiða} / \text{stærð veiðisvæðis m}^2) * 100 \text{m}^2$  (töflur 1-3).

Meðallengd og -þyngd allra laxa- og urriðaseiða var reiknuð ásamt ástandsstuðlum fyrir hvern árgang á hverjum stað (töflur 4 - 9). Ástandsstuðullinn er reiknaður út frá lengd og

þyngd hvers seiðis og segir til um holdafar þess:  $\text{ástandsstuðull} = (\text{þyngd}(gr) / \text{lengd}^3(cm)) * 100$ . Þar sem aðeins veiddist eitt bleikjuseiði er stærð þess og ástand gefið upp í texta en ekki töflu.

Einnig var reiknuð út vísitala lífþyngdar allra árganga laxa-, bleikju- og urriðaseiða á hverjum stað út frá meðalþyngd hvers árgangs á hverjum veiðistað og þéttleika sama árgangs á sama stað:  $\text{lífþyngd á } 100 \text{ m}^2 = \text{meðalþyngd}(gr) * \text{þéttleiki á } 100 \text{ m}^2$  (töflur 10 - 12).

Heildarþéttleiki allra árganga laxa-, bleikju- og urriðaseiða í rafveiðum í Húseyjarkvísl var tekinn saman fyrir árin 2001 – 2008, bæði fyrir hefðbundna veiðistaði og við grjótgarda (töflur 13-24). Tvær mismunandi aðferðir voru notaðar við útreikningana:

Aðferð A: Allir staðir vega jafnt óháð stærð þeirra, þéttleiki seiða er reiknaður á hverri stöð fyrir sig og síðan tekið meðaltal stöðvanna fyrir hvert ár:  $\text{þéttleiki árinna} = \text{þéttleiki hvernar stöðvar fyrir hvert ár lagður saman} / \text{fjöldi stöðva}$  (töflur 13-18).

Aðferð B: Þéttleiki seiða reiknaður fyrir ána í heild fyrir hvert ár:  $\text{þéttleiki árinna} = (\text{heildarfjöldi veiddra seiða í ánni} / \text{heildarflatarmál veiðisvæðis m}^2) * 100 \text{ m}^2$  (töflur 19-24).

Í niðurstöðum og umræðum um þéttleika seiða í Húseyjarkvísl eftir árum er stuðst við útreikninga samkvæmt aðferð A.

Einnig voru tekin saman gögn um meðallengd, meðalþyngd og meðalástandsstuðla allra árganga laxa- og urriðaseiða í ánni í heild árin 2001 – 2008 (töflur 25-30). Sömuleiðis var vísitala lífþyngdar fyrir laxa-, bleikju- og urriðaseiði tekin saman fyrir sama árabíl á hefðbundnu veiðistöðunum (töflur 31-33). Gögn um veiði sumarsins 2008 voru að auki tekin saman (töflur 34 – 35, mynd 5).

## **Niðurstöður rafveiða á hefðbundnum rafveiðistöðum**

Rétt neðan við Reykjafoss var efsti rafveiðistaður í Húseyjarkvísl (staður 1, mynd 1). Þar fundust nú fjórir árgangar laxaseiða, mest var af eins árs seiðum, töluvert af vorgömlum en minna af tveggja- og þriggja ára seiðum (tafla 1, mynd 2a). Þar var einnig nokkuð af vorgömlum urriðaseiðum auk þess sem vart varð við eins árs urriðaseiði (tafla 3, mynd 4a).

Á stað 2, rétt ofan Saurbæjarbrúar (mynd 1), veiddist nokkuð af vorgömlum laxaseiðum og vottur af eins- og þriggja ára seiðum (tafla 1, mynd 2a). Auk laxaseiðanna var þar töluvert af vorgömlum urriðaseiðum (tafla 3, mynd 4a).

Við Laugarhyl (staður 3, mynd 1) reyndist vera töluverður þéttleiki vorgamalla og eins árs laxaseiða en minna af tveggja ára seiðum (tafla 1, mynd 2a). Mjög mikið var þar af vorgömlum urriðaseiðum og nokkuð af eins- og tveggja ára seiðum (tafla 3, mynd 4a).

Veitt var neðan við Glaumbæ eins og undanfarin ár (mynd 1) en áin var þar nokkuð lituð vegna aurburðar úr Héraðsvötnum eins og áður. Engin laxaseiði fundust á rafveiðistaðnum en eitt vorgamalt bleikjuseiði veiddist þar sem og eitt vorgamalt urriðaseiði (töflur 1-3, myndir 3 og 4a). Einnig var þar nokkuð um hornsíli.

## **Niðurstöður rafveiða við grjótgarða**

Rafveitt var við fimm grjótgarða haustið 2008, einn ofan Saurbæjarbrúar, þrjá neðan hennar og einn við Laugarhyl.

Fyrir ofan Saurbæjarbrú var rafveitt við efsta garðinn við hólmann en hann var heillegastur þeirra. Þar var töluvert af vorgömlum og eins árs laxaseiðum en minna af tveggja- og þriggja ára seiðum (tafla 1, mynd 2a). Vorgömul urriðaseiði reyndust vera í töluverðum þéttleika auk þess sem vart varð við eins- og fjögurra ára urriða (tafla 3, mynd 4b).

Veitt var við efsta grjótgarð neðan Saurbæjarbrúar (grjótgarður f.n. Saurbæjarbrú 1) og fundust þar þrjú árgangar laxaseiða, eins-, tveggja- og þriggja ára (tafla 1, mynd 2b). Einnig voru þar fjórir árgangar urriðaseiða, vorgömul til þriggja ára og var langmest af vorgömlu og eins árs urriðaseiðunum (tafla 3, mynd 4b).

Einnig var veitt við grjótgarð sem er á mótis við bogaskemmu við Saurbæ (grjótgarður f.n. Saurbæjarbrú 2). Þar reyndust vera fjórir árgangar laxaseiða, vorgömul til þriggja ára og var mest af þeim tveggja ára (tafla 1, mynd 2b). Mun meira var af urriðaseiðum að finna á þeim stað en laxaseiðum og var þéttleiki vorgamalla urriðaseiða langmestur en minna af eins- og tveggja ára seiðum (tafla 3, mynd 4b).

Á neðsta grjótgarðinum neðan við Saurbæjarbrú (grjótgarður f.n. Saurbæjarbrú 4) var nokkuð um árgömul laxaseiði en þéttleiki tveggja- og þriggja ára seiða var ekki mikill (tafla 1, mynd 2b). Þéttleiki vorgamalla urriðaseiða var mestur á þessum stað, auk þess sem eins- og tveggja ára seiði fundust (tafla 3, mynd 4b).

Við grjótgarðinn við Laugarhyl var þéttleiki vorgamalla og eins árs laxaseiða mjög mikill en minna var af tveggja ára seiðum (tafla 1, mynd 2b). Aðeins fannst einn árgangur urriðaseiða, vorgömul seiði, en þéttleiki þeirra var þó töluverður (tafla 3, mynd 4a).

### **Magn seiða, stærð og ástand**

Á hefðbundnu rafveiðistöðunum var lífþyngd (samanlögð þyngd veiddra seiða) laxaseiða langmest á stað 1 en þar var lífþyngd allra árganga mest (tafla 10). Lífþyngd laxaseiða reyndist nokkuð meiri á stöðvum 1 – 4 haustið 2008 en undanfarin ár en allir árgangarnir voru með sterkara móti (tafla 31). Þéttleiki vorgamalla seiða var nokkuð meiri en lengi hefur sést, einnig var töluvert af eins árs seiðum og þéttleiki tveggja ára seiða var í meðallagi, í fyrsta sinn frá 2003 veiddust þriggja ára seiði á hefðbundnu rafveiðistöðunum (tafla 13). Í grjótgördunum var lífþyngd laxaseiða mest fyrir ofan Saurbæjarbrú þar sem töluvert var af öllum árgöngum en minnst við neðsta grjótgarðinn fyrir neðan brú þar sem frekar lítið var af tveggja- og þriggja ára seiðum, en þau vega

þyngst í slíkum útreikningum vegna stærðar sinnar (töflur 1 og 10). Vorgömlu laxaseiðin í Húseyjarkvísl voru í meðallagi stór en seiði annarra árganga voru í stærri kantinum ef miðað er við síðustu ár (töflur 4-5 og 25-26). Ástand eða holdafar seiðanna var einnig mjög gott, í allflestum tilfellum vel yfir 1 (sem er meðalástandsstuðull laxaseiða) og á heildina litið ívið betra en undanfarin ár (töflur 6 og 27).

Svipaða sögu er að segja af urriðaseiðunum í Húseyjarkvísl, þau voru með stærra móti haustið 2008 og ástand þeirra mjög gott (töflur 7-9 og 28-30). Hinsvegar var þéttleiki þeirra nokkuð minni en árin áður og þá sér í lagi vorgömlu seiðin, en gríðarlegt magn fannst af þeim í ánni árin 2005 og 2006 (tafla 15). Lífþyngd urriðaseiðanna er samt nokkuð meiri en 2007 þar sem meira fannst af eldri árgöngum nú, en mun minni en 2005 og 2006 (tafla 33). Lífþyngd urriðaseiða reyndist mest á stað 3 af hefðbundnu rafveiðistöðunum en á grjótgörðunum var hún langmest á efsta garði neðan Saurbæjarbrúar (tafla 12). Aðeins eitt bleikjuseiði veiddist að þessu sinni og var það vorgamalt seiði sem fannst fyrir neðan Glaumbæ (tafla 2), það var 5,9 cm langt og vóg 1,9 grömm.

## **Veiðin 2008**

Sumarið 2008 veiddust 199 laxar í Húseyjarkvísl og er það næstmesta veiði í ánni frá árinu 1974, aðeins árið 1992 er skráð meiri veiði eða 245 laxar (Guðni Guðbergsson, VMST/08023). Af þessum 199 löxum var 192 sleppt aftur í ána (tafla 34). Einnig veiddust í Húseyjarkvísl 25 bleikjur og 644 urriðar (tafla 34) sem er mesta urriðaveiði sem gögn Veiðimálasofnunar ná yfir, frá árinu 1987 (Guðni Guðbergsson, VMST/08023). Nokkuð fleiri hrygnur veiddust en hængar (tafla 35). Mest var laxveiðin á einni viku í kringum mánaðarmótin júlí - ágúst en töluverð veiði var frá miðjum júlí fram í byrjun september (mynd 5). Bleikjuveiðin dreifðist nokkuð vel yfir tímabilið sem og urriðaveiðin (mynd 5). Mest veiddist þó af urriða í byrjun apríl auk þess sem töluverð veiði var í lok apríl og um miðjan september (mynd 5).

## Umræður

Seiðastofnar Húseyjarkvíslar hafa verið að styrkjast verulega undanfarin ár og reyndist þéttleiki laxaseiða vera með meira móti í rafveiðum í ánni haustið 2008. Mikið sást af vorgömlum seiðum en einnig var töluvert af eldri árgöngum. Þau seiði sem nú voru eins árs skiluðu sér mjög vel á milli ára en ekki fannst mikið af þeim haustið 2007, þá vorgömlum. Það tekur vorgömul seiði alltaf nokkurn tíma að dreifa sér um árnar og koma þau því ekki alltaf fram í rafveiðum fyrsta haustið sitt en greinilegt er að meira hefur verið af þeim 2007 en rafveiðarnar gáfu til kynna. Meira sást af þriggja ára seiðum en undanfarin ár en sá árgangur var vogamall sumarið 2005 þegar óvenjuoft lá þoka yfir Skagafirði og hægði þá nokkuð á vexti seiða eftir nokkur mjög góð vaxtasumur. Sá árgangur hefur verið nokkuð smávaxinn í ánni undanfarin ár og dvaldi því ári lengur í ánni en ella, þessi seiði munu ganga til sjávar vorið 2009 ásamt tveggja ára seiðunum sem hafa vaxið mjög vel. Þrátt fyrir að nokkuð hafi setið eftir í ánni af þriggja ára seiðunum vorið 2008 hefur ganga til sjávar verið óvenjugóð vorið 2008. Þau seiði skila sér aftur í ána sem smálax sumarið 2009 og stórlax 2010.

Ganga seiða úr Húseyjarkvísl var einnig nokkuð góð vorið 2007 og skiluðu þau seiði sér mjög vel í ána aftur sumarið 2008 sem smálaxar en sá árgangur kemur sem stórlax í ána sumarið 2009. Veiðin í ánni sumarið 2008 var sú næst besta sem sést hefur frá sumrinu 1974. Langmestum hluta laxanna var sleppt aftur í ána og ætti hrygningarstofninn því að verða með þeim allra stærstu sem sést hafa í Húseyjarkvísl haustið 2008. Útlit er fyrir að laxagöngur geti orðið enn betri í Húseyjarkvísl sumarið 2009.

Grjótgarðarnir hafa nú margir hverjir verið lagaðir og eru þeir farnir að virka aftur betur fyrir laxaseiði auk þess sem verulegt magn urriðaseiða er að finna við þá. Þegar meira er af seiðum í ánni eins og nú um stundir munar miklu að hafa slíka grjótgarða fyrir þau að alast upp við og auka þeir verulega við búsvæði árinna og þar með afkomugetu hennar.

Urriðastofnar Húseyjarkvíslar hafa einnig dafnað vel en töluverð sókn hefur verið í urriðastofnum á norðurlandi undanfarin ár. Urriðaveiði í ánni sumrin 2007 og 2008 var sú mesta sem skráð hefur verið í Húseyjarkvísl (gögn ná til 1987). Þéttleiki urriðaseiða var ekki eins mikill í ánni haustið 2008 og árin þar á undan en þó var hann töluverður og mun meiri en til dæmis 2001 og 2002.

Á heildina litið er ástand fiskistofna Húseyjarkvíslar mjög gott um þessar mundir. Nokkuð mikið hefur verið af bæði laxa- og urriðaseiðum í ánni og hafa seiðin verið að skila sér mjög vel úr hafi aftur í ána undanfarin ár og veiði því verið með allra besta móti. Ef skil laxa og urriða úr hafi halda áfram að vera álíka góð og verið hefur síðustu ár eru veiðihorfur í Húseyjarkvísl einstaklega góðar næstu ár.



**Tafla 1:** Þéttleiki veiddra laxaseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m<sup>2</sup> á rafveiðistöðum í Húseyjarkvísl í ágúst 2008.

Staður	Stærð (m <sup>2</sup> )	Aldur			
		0+	1+	2+	3+
Staður 1	168	8,93	19,05	2,98	0,60
Staður 2	288	2,43	0,69		0,35
Staður 3	150	12,00	7,33	2,00	
Fyrir neðan Glaumbæ	180				
Efsti grjótg. f.o Saurbæjarbrú	40	45,00	42,50	25,00	15,00
Grjótg. f.n. Saurbæjarbrú, 1	13		16,00	16,00	16,00
Grjótg. f.n. Saurbæjarbrú, 2	20	10,26	20,51	25,64	10,26
Grjótg. f.n. Saurbæjarbrú, 4	27		22,22	3,70	3,70
Grjótg við Laugarhyl	28	103,57	85,71	25,00	

**Tafla 2:** Þéttleiki veiddra bleikjuseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m<sup>2</sup> á rafveiðistöðum í Húseyjarkvísl í ágúst 2008.

Staður nr.	Stærð (m <sup>2</sup> )	Aldur			
		0+	1+	2+	3+
Staður 1	168				
Staður 2	288				
Staður 3	150				
Fyrir neðan Glaumbæ	180	0,56			
Efsti grjótg. f.o Saurbæjarbrú	40				
Grjótg. f.n. Saurbæjarbrú, 1	13				
Grjótg. f.n. Saurbæjarbrú, 2	20				
Grjótg. f.n. Saurbæjarbrú, 4	27				
Grjótg við Laugarhyl	28				

**Tafla 3:** Þéttleiki veiddra urriðaseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m<sup>2</sup> á rafveiðistöðum í Húseyjarkvísl í ágúst 2008.

Staður nr.	Stærð (m <sup>2</sup> )	Aldur				
		0+	1+	2+	3+	4+
Staður 1	168	6,55	1,19			
Staður 2	288	11,11				
Staður 3	150	46,00	6,00	2,00		
Fyrir neðan Glaumbæ	180	0,56				
Efsti grjótg. f.o Saurbæjarbrú	40	85,00	7,50			2,50
Grjótg. f.n. Saurbæjarbrú, 1	13	80,00	72,00	16,00	8,00	
Grjótg. f.n. Saurbæjarbrú, 2	20	112,82	15,38	5,13		
Grjótg. f.n. Saurbæjarbrú, 4	27	148,15	11,11	3,70		
Grjótg við Laugarhyl	28	96,43				

**Tafla 4:** Meðallengd, staðalfrávik og fjöldi laxaseiða af hverjum árgangi á hverri stöð í Húseyjarkvísl í rafveiðum 2008.

Staður nr.	0+			1+			2+			3+		
	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Staður 1	4,62	0,18	15	7,88	0,63	32	12,08	0,60	5	14,70		1
Staður 2	4,23	0,27	7	6,90	0,28	2				12,60		1
Staður 3	3,99	0,28	18	7,74	1,05	11	11,30	0,50	3			
Fyrir neðan Glaumbæ												
Efsti grjótg. f.o Saurbæjarbrú	3,91	0,37	18	7,65	0,53	17	11,41	1,00	10	13,62	0,78	6
Grjótg. f.n Saurbæjarbrú 1				7,75	0,07	2	11,95	1,06	2	14,25	1,06	2
Grjótg. f.n Saurbæjarbrú 2	4,70	0,14	2	7,65	0,62	4	11,50	0,56	5	12,95	0,21	2
Grjótg. f.n Saurbæjarbrú 4				8,10	0,51	6	11,30		1	13,70		1
Grjótg. við Laugarhyl	4,27	0,33	29	7,98	0,62	24	11,51	0,73	7			
Samtals	4,21	0,39	89	7,83	0,66	98	11,57	0,76	33	13,62	0,82	13

**Tafla 5:** Meðalþyngd, staðalfrávik og fjöldi laxaseiða af hverjum árgangi á hverri stöð í Húseyjarkvísl í rafveiðum 2008.

Staður nr.	0+			1+			2+			3+		
	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Staður 1	1,25	0,15	15	5,98	1,38	32	19,72	2,68	5	40,50		1
Staður 2	0,86	0,18	7	3,40	0,57	2				22,10		1
Staður 3	0,78	0,21	18	5,47	2,23	11	17,57	2,97	3			
Fyrir neðan Glaumbæ												
Efsti grjótg. f.o Saurbæjarbrú	0,65	0,16	18	4,81	0,91	17	17,04	4,42	10	28,80	3,38	6
Grjótg. f.n Saurbæjarbrú 1				5,10	0,42	2	17,65	4,31	2	34,70	9,33	2
Grjótg. f.n Saurbæjarbrú 2	1,25	0,07	2	4,90	1,15	4	17,02	2,69	5	22,70	1,70	2
Grjótg. f.n Saurbæjarbrú 4				5,57	1,13	6	14,60		1	30,40		1
Grjótg. við Laugarhyl	0,76	0,24	29	5,38	1,45	24	17,56	3,17	7			
Samtals	0,84	0,28	89	5,43	1,46	98	17,56	3,38	33	29,28	6,27	13

**Tafla 6:** Meðalástandsstuðull og staðalfrávik ástandsstuðulsins fyrir laxaseiði sem veiddust í rafveiðum í Húseyjarkvísl 2008 eftir aldri seiðanna og rafveiðistöðum.

Staður nr.	0+			1+			2+			3+		
	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Staður 1	1,26	0,07	15	1,21	0,05	32	1,11	0,02	5	1,27		1
Staður 2	1,12	0,09	7	1,03	0,05	2				1,10		1
Staður 3	1,20	0,10	18	1,13	0,06	11	1,21	0,08	3			
Fyrir neðan Glaumbæ												
Efsti grjótg. f.o Saurbæjarbrú	1,07	0,13	18	1,07	0,06	17	1,13	0,09	10	1,14	0,11	6
Grjótg. f.n Saurbæjarbrú 1				1,09	0,06	2	1,02	0,02	2	1,18	0,06	2
Grjótg. f.n Saurbæjarbrú 2	1,20	0,04	2	1,08	0,03	4	1,11	0,06	5	1,04	0,03	2
Grjótg. f.n Saurbæjarbrú 4				1,04	0,03	6	1,01		1	1,18		1
Grjótg. við Laugarhyl	0,95	0,15	29	1,04	0,07	24	1,14	0,11	7			
Samtals	1,10	0,17	89	1,11	0,09	98	1,12	0,09	33	1,14	0,09	13

**Tafla 7:** Meðallengd, staðalfrávik og fjöldi urriðaseiða af hverjum árgangi á hverri stöð í Húseyjarkvísl í rafveiðum 2008.

Staður nr.	0+			1+			2+			3+			4+		
	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Staður 1	5,09	0,36	11	8,60	0,28	2									
Staður 2	4,75	0,30	32												
Staður 3	4,98	0,67	69	8,47	0,56	9	12,50	0,66	3						
Fyrir neðan Glaumbæ	6,60		1												
Neðri grjótg. f.o. Saurbæjarbrú	5,31	0,54	34	8,77	0,85	3				16,90					1
Grjótg. f.n. Saurbæjarbrú 1	5,37	0,71	10	9,30	0,65	9	12,65	0,92	2	14,20		1			
Grjótg. f.n. Saurbæjarbrú 2	5,41	0,63	22	9,43	0,70	3	11,80		1						
Grjótg. f.n. Saurbæjarbrú 4	5,26	0,51	40	8,93	0,31	3	11,50		1						
Grjótg.við Laugarhyl	5,63	0,41	27												
Samtals	5,18	0,61	246	8,91	0,68	29	12,30	0,70	7	14,20		1	16,90		1

**Tafla 8:** Meðalþyngd, staðalfrávik og fjöldi urriðaseiða af hverjum árgangi á hverri stöð í Húseyjarkvísl í rafveiðum 2008.

Staður nr.	0+			1+			2+			3+			4+		
	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Staður 1	1,74	0,40	11	7,55	0,35	2									
Staður 2	1,19	0,22	32												
Staður 3	1,68	0,72	69	7,53	1,52	9	21,83	3,41	3						
Fyrir neðan Glaumbæ	3,80		1												
Neðri grjótg. f.o. Saurbæjarbrú	1,68	0,49	34	7,43	1,89	3				48,30					1
Grjótg. f.n. Saurbæjarbrú 1	1,89	0,88	10	9,23	1,87	9	22,25	5,44	2	32,30		1			
Grjótg. f.n. Saurbæjarbrú 2	1,88	0,77	22	9,47	2,10	3	18,80		1						
Grjótg. f.n. Saurbæjarbrú 4	1,72	0,55	40	8,43	0,74	3	18,10		1						
Grjótg.við Laugarhyl	1,94	0,45	27												
Samtals	1,69	0,63	246	8,34	1,74	29	20,99	3,45	7	32,30		1	48,30		1

**Tafla 9:** Meðalástandsstuðull og staðalfrávik ástandsstuðulsins fyrir urriðaseiði sem veiddust í rafveiðum í Húseyjarkvísl 2008, eftir aldri seiðanna og rafveiðistöðum.

Staður nr.	0+			1+			2+			3+			4+		
	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
Staður 1	1,30	0,08	11	1,19	0,06	2									
Staður 2	1,11	0,07	32												
Staður 3	1,27	0,09	69	1,23	0,05	9	1,11	0,01	3						
Fyrir neðan Glaumbæ	1,32		1												
Neðri grjótg. f.o. Saurbæjarbrú	1,08	0,07	34	1,09	0,03	3							1,00		1
Grjótg. f.n. Saurbæjarbrú 1	1,14	0,07	10	1,13	0,04	9	1,09	0,03	2	1,13		1			
Grjótg. f.n. Saurbæjarbrú 2	1,13	0,08	22	1,12	0,02	3	1,14		1						
Grjótg. f.n. Saurbæjarbrú 4	1,14	0,11	40	1,18	0,06	3	1,19		1						
Grjótg.við Laugarhyl	1,07	0,08	27												
Samtals	1,17	0,12	246	1,16	0,06	29	1,12	0,04	7	1,13		1	1,00		1

**Tafla 10:** Vísitala lífþyngdar (gr) laxaseiða á hverjum 100m<sup>2</sup> eftir aldri og rafveiðistöðvum 2008. Lífþyngd er reiknuð út frá meðalþyngd hvers árgangs og þéttleikamati.

Staður nr.	Vísitala lífþyngdar (gr/100m <sup>2</sup> )					Samtals
	0+	1+	2+	3+	4+	
Staður 1	11,1	113,9	58,7	24,1		207,9
Staður 2	2,1	2,4		7,7		12,1
Staður 3	9,4	40,1	35,1			84,7
Fyrir neðan Glaumbæ						0,0
Neðri grjótg. f.o. Saurb.brú	29,3	204,5	426,0	432,0		1091,8
Grjótg. f.n. Saurbæjarbrú 1		81,6	282,4	555,2		919,2
Grjótg. f.n. Saurbæjarbrú 2	12,8	100,5	436,4	232,8		782,6
Grjótg. f.n. Saurbæjarbrú 4		123,7	54,1	112,6		290,4
Grjótg.við Laugarhyl	78,9	460,7	438,9			978,6

**Tafla 11:** Vísitala lífþyngdar (gr) bleikjuseiða á hverjum 100m<sup>2</sup> eftir aldri og rafveiðistöðvum 2008. Lífþyngd er reiknuð út frá meðalþyngd hvers árgangs og þéttleikamati.

Staður nr.	Vísitala lífþyngdar (gr/100m <sup>2</sup> )					Samtals
	0+	1+	2+	3+	4+	
Staður 1						0,0
Staður 2						0,0
Staður 3						0,0
Fyrir neðan Glaumbæ	1,1					1,1
Neðri grjótg. f.o. Saurb.brú						0,0
Grjótg. f.n. Saurbæjarbrú 1						0,0
Grjótg. f.n. Saurbæjarbrú 2						0,0
Grjótg. f.n. Saurbæjarbrú 4						0,0
Grjótg.við Laugarhyl						0,0

**Tafla 12:** Vísitala lífþyngdar (gr) urriðaseiða á hverjum 100m<sup>2</sup> eftir aldri og rafveiðistöðvum 2008. Lífþyngd er reiknuð út frá meðalþyngd hvers árgangs og þéttleikamati.

Staður nr.	Vísitala lífþyngdar (gr/100m <sup>2</sup> )					Samtals
	0+	1+	2+	3+	4+	
Staður 1	11,4	9,0				20,4
Staður 2	13,3					13,3
Staður 3	77,1	45,2	43,7			165,9
Fyrir neðan Glaumbæ	2,1					2,1
Neðri grjótg. f.o. Saurb.brú	142,5	55,8			120,8	319,0
Grjótg. f.n. Saurbæjarbrú 1	151,2	664,8	356,0	258,4		1430,4
Grjótg. f.n. Saurbæjarbrú 2	211,8	145,6	96,4			453,8
Grjótg. f.n. Saurbæjarbrú 4	255,2	93,7	67,0			415,9
Grjótg.við Laugarhyl	187,5					187,5

**Tafla 13:** Heildarþéttleiki allra árganga laxaseiða í rafveiðum í Húseyjarkvísl 2001-2008 á stöðvum 1-4. Þéttleiki reiknaður með aðferð A.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m <sup>2</sup> )	0+	1+	2+	3+	4+
2001	4	1725	3,17	5,72	2,67	1,83	
2002	4	1395		0,11	0,43	0,10	0,05
2003	4	1645	1,43	3,48	2,44	0,52	
2004	4	956	2,06	8,24	1,12		
2005	4	1352	2,19	4,65	0,20		
2006	4	1168	4,85	10,71	1,85		
2007	4	1195	1,51	4,76	2,62		
2008	4	786	5,84	6,77	1,24	0,24	

**Tafla 14:** Heildarþéttleiki allra árganga bleikjuseiða í rafveiðum í Húseyjarkvísl 2001-2008 á stöðvum 1-4. Þéttleiki reiknaður með aðferð A.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m <sup>2</sup> )	0+	1+	2+	3+	4+
2001	4	1725					
2002	4	1395	0,15				
2003	4	1645					
2004	4	956	0,25				
2005	4	1352					
2006	4	1168					
2007	4	1195					
2008	4	786	0,14				

**Tafla 15:** Heildarþéttleiki allra árganga urriðaseiða í rafveiðum í Húseyjarkvísl 2001-2008 á stöðvum 1-4. Þéttleiki reiknaður með aðferð A.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m <sup>2</sup> )	0+	1+	2+	3+	4+
2001	4	1725	7,28	1,67			
2002	4	1395	2,74				
2003	4	1645	17,83	3,64	0,08		
2004	4	956	20,38	2,03	0,21		
2005	4	1352	59,47	3,61			0,22
2006	4	1168	43,78	11,28	1,06		
2007	4	1195	20,88	1,08	0,19		
2008	4	786	16,05	1,80	0,50		

**Tafla 16:** Heildarþéttleiki allra árganga laxaseiða í rafveiðum í Húseyjarkvísl 2001-2008 á grjótgörðum. Þéttleiki reiknaður með aðferð A.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m <sup>2</sup> )	0+	1+	2+	3+	4+
2001	2	33	16,07	32,74	2,38	16,67	
2002	4	67	9,05	6,93	2,47	16,99	
2003	3	80	9,75	14,06	2,72	1,59	
2004	4	70	17,86	20,99	8,57		
2005	6	100	51,76	27,35	1,49	2,18	
2006	4	57	23,59	36,90	9,74		
2007	6	113	5,93	22,41	35,93	1,73	
2008	5	127	31,77	37,39	19,07	8,99	

**Tafla 17:** Heildarþéttleiki allra árganga bleikjuseiða í rafveiðum í Húseyjarkvísl 2001-2008 á grjótgörðum. Þéttleiki reiknaður með aðferð A.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m <sup>2</sup> )	0+	1+	2+	3+	4+
2001	2	33	2,38				
2002	4	67					
2003	3	80					
2004	4	70					
2005	6	100					
2006	4	57					
2007	6	113					
2008	5	127					

**Tafla 18:** Heildarþéttleiki allra árganga urriðaseiða í rafveiðum í Húseyjarkvísl 2001-2008 á grjótgörðum. Þéttleiki reiknaður með aðferð A.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m <sup>2</sup> )	0+	1+	2+	3+	4+
2001	2	33	21,43		8,33		
2002	4	67	100,63	8,57	11,79		
2003	3	80	220,14	22,47	12,27		
2004	4	70	90,63	141,81	22,12		
2005	6	100	367,52	5,65	2,08	0,69	
2006	4	57	334,25	36,45	5,00		
2007	6	113	245,94	21,64	3,40	0,93	
2008	5	127	104,48	21,20	4,97	1,60	0,50



**Tafla 19:** Heildarþéttleiki allra árganga laxaseiða í rafveiðum í Húseyjarkvísl 2001-2008 á stöðvum 1-4. Þéttleiki reiknaður með aðferð B.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m <sup>2</sup> )	0+	1+	2+	3+	4+
2001	4	1725	1,22	2,61	1,04	0,87	
2002	4	1395		0,14	0,65	0,14	0,07
2003	4	1645	1,52	2,67	1,22	0,36	
2004	4	956	1,88	7,01	0,84		
2005	4	1352	2,96	5,47	0,30		
2006	4	1168	2,31	6,51	1,97		
2007	4	1195	1,59	4,60	2,01		
2008	4	786	5,09	5,73	1,02	0,25	

**Tafla 20:** Heildarþéttleiki allra árganga bleikjuseiða í rafveiðum í Húseyjarkvísl 2001-2008 á stöðvum 1-4. Þéttleiki reiknaður með aðferð B.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m <sup>2</sup> )	0+	1+	2+	3+	4+
2001	4	1725					
2002	4	1395	0,14				
2003	4	1645					
2004	4	956	0,10				
2005	4	1352					
2006	4	1168					
2007	4	1195					
2008	4	786	0,13				

**Tafla 21:** Heildarþéttleiki allra árganga urriðaseiða í rafveiðum í Húseyjarkvísl 2001-2008 á stöðvum 1-4. Þéttleiki reiknaður með aðferð B.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m <sup>2</sup> )	0+	1+	2+	3+	4+
2001	4	1725	2,72	0,58			
2002	4	1395	2,51				
2003	4	1645	11,49	1,64	0,06		
2004	4	956	14,33	1,05	0,10		
2005	4	1352	23,08	1,18			0,07
2006	4	1168	18,84	3,68	0,34		
2007	4	1195	16,90	0,67	0,08		
2008	4	786	14,38	1,40	0,38		

**Tafla 22:** Heildarþéttleiki allra árganga laxaseiða í rafveiðum í Húseyjarkvísl 2001-2008 á grjótgörðum. Þéttleiki reiknaður með aðferð B.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m <sup>2</sup> )	0+	1+	2+	3+	4+
2001	2	33	18,18	30,30	3,03	12,12	
2002	4	67	8,96	7,46	2,99	19,40	
2003	3	80	16,25	22,50	5,00	1,25	
2004	4	70	35,71	31,43	12,86		
2005	6	100	64,00	35,00	2,00	3,00	
2006	4	57	26,32	45,61	12,28		
2007	6	113	7,08	23,89	34,51	1,77	
2008	5	127	38,58	41,73	19,69	8,66	

**Tafla 23:** Heildarþéttleiki allra árganga bleikjuseiða í rafveiðum í Húseyjarkvísl 2001-2008 á grjótgörðum. Þéttleiki reiknaður með aðferð B.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m <sup>2</sup> )	0+	1+	2+	3+	4+
2001	2	33	3,03				
2002	4	67					
2003	3	80					
2004	4	70					
2005	6	100					
2006	4	57					
2007	6	113					
2008	5	127					

**Tafla 24:** Heildarþéttleiki allra árganga urriðaseiða í rafveiðum í Húseyjarkvísl 2001-2008 á grjótgörðum. Þéttleiki reiknaður með aðferð B.

Ár	Fjöldi veiðistaða	Stærð veiðistaða (m <sup>2</sup> )	0+	1+	2+	3+	4+
2001	2	33	18,18		6,06		
2002	4	67	110,45	5,97	11,94		
2003	3	80	197,50	20,00	6,25		
2004	4	70	104,29	122,86	12,86		
2005	6	100	337,00	8,00	3,00	1,00	
2006	4	57	296,49	26,32	3,51		
2007	6	113	217,70	19,47	3,54	0,88	
2008	5	127	104,72	14,17	3,15	0,79	0,79

**Tafla 25:** Meðallengd, staðalfrávik og fjöldi allra árganga laxaseiða í Húseyjarkvísl í rafveiðum 2001-2008

Ár	0+			1+			2+			3+			4+		
	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
2001	3,67	0,67	27	6,39	0,51	55	8,65	0,43	19	10,38	0,61	19			
2002	4,32	0,83	6	7,17	0,56	7	8,65	0,57	11	11,52	0,62	15	13,50		1
2003	4,90	0,60	38	7,77	0,77	62	10,81	0,77	24	12,73	0,47	7			
2004	4,52	0,49	42	8,35	0,77	90	11,21	1,22	17						
2005	3,75	0,31	104	7,64	0,71	109	11,87	0,63	6	12,97	0,50	3			
2006	3,75	0,34	42	6,74	0,50	102	11,20	0,66	30						
2007	4,22	0,38	27	7,50	0,55	82	10,98	0,77	63	13,20	0,00	2			
2008	4,21	0,39	89	7,83	0,66	98	11,57	0,76	33	13,62	0,82	13			

**Tafla 26:** Meðalþyngd, staðalfrávik og fjöldi allra árganga laxaseiða í Húseyjarkvísl í rafveiðum 2001-2008

Ár	0+			1+			2+			3+			4+		
	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
2001	1,52	0,75	6	2,91	0,50	48	7,68	1,83	18	12,39	2,15	19			
2002	0,67	0,22	6	3,93	0,80	7	5,26	1,62	11	16,81	4,01	15	21,30		1
2003	1,33	0,63	38	5,64	1,79	62	15,80	3,25	24	23,27	2,30	7			
2004	0,97	0,36	42	6,29	1,64	90	15,84	5,90	17						
2005	0,57	0,16	103	5,05	1,45	109	21,13	4,31	6	27,67	1,96	3			
2006	0,60	0,15	42	3,29	0,73	102	16,11	3,10	30						
2007	0,86	0,23	27	4,68	1,13	82	14,92	3,30	63	25,25	2,47	2			
2008	0,84	0,28	89	5,43	1,46	98	17,56	3,38	33	29,28	6,27	13			

**Tafla 27:** Meðalástandsstuðull og staðalfrávik ástandsstuðulsins fyrir laxaseiði sem veiddust í Húseyjarkvísl 2001-2008 eftir aldri seiðanna

Ár	0+			1+			2+			3+			4+		
	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
2001	1,39	0,51	6	1,12	0,15	48	1,17	0,18	18	1,10	0,12	19			
2002	0,93	0,46	6	1,05	0,04	7	0,80	0,13	11	1,09	0,15	15	0,87		1
2003	1,08	0,16	38	1,17	0,14	62	1,24	0,11	24	1,13	0,07	7			
2004	1,02	0,22	42	1,05	0,07	90	1,08	0,09	17						
2005	1,07	0,14	103	1,10	0,06	109	1,25	0,12	6	1,27	0,06	3			
2006	1,13	0,19	42	1,06	0,06	102	1,13	0,09	30						
2007	1,13	0,17	27	1,09	0,08	82	1,11	0,08	63	1,10	0,11	2			
2008	1,10	0,17	89	1,11	0,09	98	1,12	0,09	33	1,14	0,09	13			

**Tafla 28:** Meðallengd, staðalfrávik og fjöldi allra árganga urriðaseiða í Húseyjarkvísl í rafveiðum 2001-2008

Ár	0+			1+			2+			3+			4+		
	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- lengd (cm)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
2001	3,68	0,46	53	7,08	0,42	10	9,50		2						
2002	5,16	0,54	109	7,65	0,54	4	9,33	0,71	8						
2003	5,42	0,73	347	8,53	0,80	43	11,27	0,72	6						
2004	5,19	0,48	210	6,13	0,50	96	11,06	1,08	10						
2005	4,34	0,48	648	7,31	1,50	25	11,00	0,95	3	13,80		1	17,60		1
2006	4,26	0,46	389	7,86	0,82	58	10,02	0,69	6						
2007	4,92	0,50	448	8,39	0,62	30	11,56	0,46	5	13,60		1			
2008	5,18	0,61	246	8,91	0,68	29	12,30	0,70	7	14,20		1	16,90		1

**Tafla 29:** Meðalþyngd, staðalfrávik og fjöldi allra árganga urriðaseiða í Húseyjarkvísl í rafveiðum 2001-2008

Ár	0+			1+			2+			3+			4+		
	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- þyngd (g)	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
2001	0,93	0,12	6	4,83	1,00	10	9,00		2						
2002	1,30	0,52	109	5,15	1,24	4	9,08	2,10	8						
2003	2,00	0,89	303	7,74	1,85	43	16,25	3,12	6						
2004	1,59	0,53	210	2,66	0,80	96	15,53	5,36	10						
2005	1,01	0,38	461	5,00	2,99	25	15,40	3,56	3	33,90		1	58,70		1
2006	0,88	0,34	389	5,77	1,69	58	12,00	2,14	6						
2007	1,38	0,44	448	6,99	1,61	30	18,16	2,20	5	30,90		1			
2008	1,69	0,63	246	8,34	1,74	29	20,99	3,45	7	32,30		1	48,30		1

**Tafla 30:** Meðalástandsstuðull og staðalfrávik ástandsstuðulsins fyrir urriðaseiði sem veiddust í Húseyjarkvísl 2001-2008 eftir aldri seiðanna

Ár	0+			1+			2+			3+			4+		
	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða	Meðal- ástands- stuðull	Staðal- frávik	Fjöldi seiða
2001	1,15	0,18	6	1,35	0,06	10	1,04		2						
2002	0,93	0,24	109	1,13	0,05	4	1,10	0,06	8						
2003	1,14	0,16	303	1,24	0,14	43	1,13	0,08	6						
2004	1,10	0,16	210	1,13	0,11	96	1,10	0,09	10						
2005	1,13	0,14	461	1,14	0,07	25	1,15	0,03	3	1,29		1	1,08		1
2006	1,09	0,15	389	1,16	0,07	58	1,19	0,05	6						
2007	1,12	0,11	448	1,16	0,08	29	1,17	0,04	5	1,23		1			
2008	1,17	0,12	246	1,16	0,06	29	1,12	0,04	7	1,13		1	1,00		1

**Tafla 31:** Vísitala lífþyngdar (gr) laxaseiða á hverjum 100m<sup>2</sup> eftir aldri árin 2001-2008 á stöðvum 1-4.

Ár	Vísitala lífþyngdar (gr/100m <sup>2</sup> )					Samtals
	0+	1+	2+	3+	4+	
2001	6,6	15,5	21,8	23,0		66,9
2002		0,4	2,0	1,3	1,0	4,7
2003	2,2	20,7	38,9	11,7		73,5
2004	2,2	53,1	15,2			70,5
2005	1,3	25,0	4,3			30,6
2006	3,1	33,6	29,7			66,3
2007	1,3	21,6	37,2			60,1
2008	5,7	39,1	23,5	7,9		76,2

**Tafla 32:** Vísitala lífþyngdar (gr) bleikjuseiða á hverjum 100m<sup>2</sup> eftir aldri árin 2001-2008 á stöðvum 1-4.

Ár	Vísitala lífþyngdar (gr/100m <sup>2</sup> )					Samtals
	0+	1+	2+	3+	4+	
2001*						0,0
2002	0,2					0,2
2003						0,0
2004	0,4					0,4
2005						0,0
2006						0,0
2007						0,0
2008	0,3					0,3

\* eina bleikjan sem veiddist var ekki vigtuð

**Tafla 33:** Vísitala lífþyngdar (gr) urriðaseiða á hverjum 100m<sup>2</sup> eftir aldri árin 2001-2008 á stöðvum 1-4.


Ár	Vísitala lífþyngdar (gr/100m <sup>2</sup> )					Samtals
	0+	1+	2+	3+	4+	
2001	5,9	8,1				14,0
2002	2,6					2,6
2003	35,0	26,5	1,1			62,6
2004	35,6	7,2	1,8			44,6
2005	72,9	20,0			12,7	105,6
2006	36,5	57,0	11,6			105,1
2007	29,5	7,0	3,5			40,0
2008	26,0	13,5	10,9			50,4

**Tafla 34:** Fjöldi veiddra og slepptra laxa, urriða og bleikju ásamt afla í Húseyjarkvísl árið 2008.

	Lax	Bleikja	Urriði
Veiði	199	25	644
Sleppt	192	17	493
Afli	7	8	151





**Tafla 35:** Fjöldi veiddra laxa eftir kyni í Húseyjarkvísl 2008.

	Hængar	Hrygnur	Ókyngur.	Alls
Veiði	81	111	7	199
Sleppt	78	107	7	192
Afli	3	4	0	7







Mynd 1: Rafveiðistaðir í Húseyjarkvísl







**Mynd 2a:** Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Húseyjarkvísl í september 2008.




**Mynd 2b:** Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Húseyjarkvísl í september 2008.




**Mynd 3:** Lengdar- og aldursdreifing veiddra bleikjuseiða í Húseyjarkvísl í september 2008.



**Mynd 4a:** Lengdar- og aldursdreifing veiddra urriðaseiða í Húseyjarkvísl í sept. 2008.



**Mynd 4b:** Lengdar- og aldursdreifing veiddra urriðaseiða í Húseyjarkvísl í sept. 2008.



Mynd 5: Vikuleg lax,- bleikju- og urriðaveiði í Húseyjarkvísl árið 2008.